



HÖFUÐBORGARLISTINN

Húsnæðismál:

Okkar stærsta kosningamál er að byggja 10.000 þúsund íbúðir á kjörtímabilinu, þar af ætlum við að byggja 2-3 þúsund íbúðir í sértækri aðgerð, ætlað sem úrræði fyrir fyrstu kaupendur íbúða og aðra. Höfuðborgarlistinn lofar að bjóða umræddar íbúðir frá 22 . 30 milljónum króna á verðlagi dagsins í dag. Um væri að ræða 2, 3 og 4 herbergja íbúðir.

Umrædd fjölbýlishús verða byggð í Úlfarsárdal, Grafarholti, Grafarvogi, Norðlingaholti og á Kjalarnesi. Forsenda fyrir vel heppnaðri byggð er góð vegtenging. Gott dæmi um það er lagning Sundabrautar sem Höfuðborgarlistinn ætlar að byggja á kjörtímabilinu í samvinnu við ríkið. Umræddar byggingar verða í úthverfum Reykjavíkur þar sem lóðaverð er lægra en í miðbænum. Skilyrði fyrir kaupum er að viðkomandi eigi lögheimili í húsnæðinu í ákveðinn tíma. Þessi leið gefur ungu fólki og öðrum tækifæri til að eignast sitt eigið húsnæði.

Telur flokkurinn æskilegt að þetta byggð frekar?

Höfuðborgarlistinn vill auka lóðaframboð í úthverfum Reykjavíkur og taka til endurskoðunar núverandi þéttingarstefnu. Valdhafar borgarinnar hafa brugðist efnaminna fólki og þeim sem vilja eignast sitt eigið húsnæði. Almennigur hefur ekki efni á kaupa íbúðir sem kosta 600-700.000 krónur fm á núverandi þéttingarreitum svo sem á Hlíðarenda, í Skuggahverfinu og í Efstaleiti. Við hjá Höfuðborgarlistanum ætlum að bjóða út 2-3.000 íbúðir sem verða seldar á 22 til 30 milljónir króna á verðlagi dagsins í dag. Um er að ræða 2, 3 og 4 herbergja íbúðir sem verða frá um 70 til 100 fm að stærð eða á 300.000 kr fermetrinn. Þetta er okkar stærsta velferðar og lífsgæðamál. Það skal tekið fram að Höfuðborgarlistinn telur að þétting byggðar í miðborg Reykjavíkur þurfi ekki að vera slæm en þurfi að vera unnin í sátt við þá íbúa sem þar búa og sinna þörfum þeirra. Höfuðborgarlistinn ætlar í raun að styrkja byggð í úthverfum Reykjavíkur og gera hverfin umhverfisvæn og snyrtileg. Styrkja samgöngur og byggja íþróttamannvirki, sundlaugar og efla þjónustu og verslun innan hverfanna.

Nánar um sértæka úrræðið:

- 1) Þegar Höfuðborgarlistinn hefur störf í Ráðhúsinu verður fyrsta verkefnið að skipuleggja og undirbúa lóðaúthlutun í úthverfum Reykjavíkur.
- 2) Samhliða verður undirbúningur hafinn tafarlaust að hönnun 2.000 íbúða sem verða boðin út.
- 3) Í árslok árið 2020 gerum við ráð fyrir að búið sé að byggja 5.000 íbúðir, þar af 2.000 fyrir fyrstu íbúða eigendur. Síðan gerum við ráð fyrir að ná endanlegu markmiði okkar í apríl árið 2022 með íbúð númer 10.000.
- 4) Verktakinn og eða verktakar fá lóðum úthlutað að undangengu útboði fyrir nútíma fjölbýlishús. Verktakinn selur eignir á fyrirfram ákveðnu verði (sjá verð hér að ofan) og með fyrrgreindum fyrirvörum. Miklar kröfur verða gerðar til gæða og afhendingartíma. Opnað verður fyrir umsóknir einstaklinga um leið og búið er að hanna og skipuleggja umræddar eignir fyrir árslok 2018.